



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Lex

b.t. Huldu Árnadóttur hdi.  
Borgartúni 26, 3. hæð  
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2009

Tlf.: 0706011

### **Efni: Meint brot Landssambands veiðifélaga á 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnisлага nr. 44/2005**

Líkt og yður er kunnugt um hefur Samkeppniseftirlitið haft til athugunar tilteknar aðgerðir Landssambands veiðifélaga (hér eftir LV), sbr. andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins dags. 13. mars 2008. Í andmælaskjalinu er tekið til athugunar hvort LV hafi brotið gegn 12. gr. samkeppnisлага, sbr. 10. gr. laganna, með því að senda til félagsmannna sinna útreiknað meðalverð á veiðileigu og veiddum laxi sem byggt er á upplýsingum sem aflað hefur verið frá tilteknum veiðifögum. Var það frummat Samkeppniseftirlitsins að með aðgerðum þessum hafi LV farið gegn ákvæðum samkeppnisлага.

Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins var sent yður til umsagnar með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 13. mars 2008 og bárust athugasemdir yðar þann 23. apríl s.á. Í bréfinu var frummati Samkeppniseftirlitsins mótmælt og er m.a. á því byggt að upplýsingar um meðalverð á veiddum laxi á liðnum veiðitímabilum séu ekki til þess fallnar að hafa áhrif á verðlagningu veiðileigu til framtíðar litið og að í veitingu umræddra upplýsinga felist ekki ákvörðun, tilmæli, hvatning eða annað um að aðilar samræmdu veiðileigu sína.

Í máli yðar kemur einnig fram að megintilgangur LV með aðgerðum sínum sé að fylgjast með þróun veiðimála. Segir að góð skráning sé mikilvæg til að fylgjast með stofnstærð, veiðiá lagi og þeim breytingum sem á stofnum kunna að verða. Þá séu upplýsingar um afla mikilsverðar við ví sindalegar rannsóknir og mat á fiskiræktaraðgerðum. Að mati LV séu aðgerðir þessar jafnframt miðaðar að því að afla og geyma upplýsingar sem annars væru ekki tiltækjar og sýna fram á efnahagslega þýðingu stangveiði á Íslandi og mikilvægi hennar sem atvinnugreinar.